

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um inngríp í fæðingar.

Frá Gísla Rafni Ólafssyni.

- Hversu margar fæðingar hafa ár hvert síðastliðin tíu ár krafist notkunar á útgangstöng eða sogklukku? Hvernig er þetta samanborið við önnur Norðurlönd?
- Hversu mörg börn hafa komið í heiminn með keisaraskurðaðgerð árlega síðastliðin tíu ár? Hversu margir þeirra voru bráðaaðgerðir? Hver er þessi fjöldi samanborið við önnur Norðurlönd?
- Hversu margar valkvæðar keisaraskurðaðgerðir hafa verið framkvæmdar á hverju ári síðastliðin tíu ár? Hver er sá fjöldi samanborið við önnur Norðurlönd?
- Hvaða verklagsreglur gilda þegar metið er hvort konur skuli gangast undir keisaraskurð? Hvernig eru þær verklagsreglur samanborið við önnur Norðurlönd?

Skriflegt svar óskast.